

77. fundur

Skólaráð 10. apríl 2019

Mættir: Helga Dögg og Karl fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, fulltrúar frá Verkís, fulltrúar frá USK, Ólafur Árni fulltrúi 7. bekkjar og Haraldur fulltrúi 6. bekkjar, Aðalbjörg og Árni.

Fundur kl. 8:30 í Víkinni

Fundarritari: Árni

Dagskrá:

- Framkvæmdir í skólahúsnæði
- Breytingar á skóladagatali 2018-2019 og skipulag á vordögum
- Skóladagatal 2019 - 2020
- Upplýsingar frá Heilsugæslunni í Efstaleiti
- Önnur mál

Framkvæmdir í skólahúsnæði

Á fundinn mættu fulltrúar Umhverfis- og skipulagssviðs til að fara yfir stöðuna á framkvæmdum í skólahúsnæðinu. Þar á meðal var verkefnisstjórnin sem fór yfir það sem hefur verið skoðað nú þegar. Loftin í anddyri Vesturlands komu betur út en von var á. Loft í miðryminu eru hins vegar í lakara ástandi. Verið er að undirbúa rif þaksins í Meginlandi og verið er að klára að endur glerja austurvegginn. Haldið verður áfram að skoða þekktu leka og rakaskemmdir í Austurlandi. Fyrirhugaðar framkvæmdir í húsinu snúa að fleiri verkefnum en rakaskemmdum og eru því nokkuð umfangsmiklar. Á fundinn komu einnig fulltrúar Verkíss sem hafa eftirlit með greiningu og að fjarlægja rakaskemmt efnis þeir lýstu sinni aðkomu að verkinu hingað til og gátu staðfest umfang nokkurra verkefna. Skólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir veturinn og var gengið frá því að fulltrúi borgarinnar gefi stöðulýsingu á hverjum fundi. Einnig á að finna tíma fyrir skólaráðið að skoða framkvæmdir í Fossvogsskóla. Ákveðið var að fulltrúar USK á fundinum mundu senda skólastjóra niðurstöður á úttektinni varðandi mælingar á myglu- og rakaskemmdum og síðan mundi hún áframsenda gögnin á foreldra.

Breytingar á skóladagatali og skipulag á vordögum

Skólastjórnendur ásamt Skóla- og frístundasviði og skólaráði Fossvogsskóla hafa unnið að skipulagi skólastarfsins síðustu vikur skólaársins.

Farið var yfir ákvarðanir um helstu breytingar vegna flutnings skólastarfsins. Ákvörðun tekin að valda sem minnstu raski hjá 1. bekk og að nemendur ljúki skólastarfinu í Útlandi. Reynslan síðustu vikur sýnir að vel fer um nemendur í Útlandi og skólastarfið þar gengur vel og ekki hefur tekist að finna hentugt húsnæði í Laugardalnum fyrir nemendahópinn í samanburði við þann aðbúnað sem hægt er að bjóða í Útlandi.

Húsnæði KSÍ stendur skólanum til boða fram að mánaðamótum maí/júní eða til og með 31. maí og húsnæði Ármanns og Þróttar til og með 6. júní. Til að mæta þessum aðstæðum var ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á skóladagatali í maí og júní.

Mánudagurinn 20. maí verður nemendadagur en ekki skipulagsdagur (blár dagur) eins og á fyrra dagatali. Vegna auka skipulagsdags sem var 18. mars sl., vegna flutninga á skólastarfinu, er nemendum bættur sá dagur upp með 20. maí sem verður því hefðbundinn skóladagur.

Mánudagurinn 3. júní er heill skóladagur og búið er að útvega aðstöðu í Laugardalshöllinni fyrir nemendur í 4., 5, og 6 . bekk. Nemendur í 7. bekk eru í Danmerkurferð síðustu skólavikuna.

Þrjú þemadagar sem eru skertir nemendadagar (gulir dagar) og vera áttu 21., 22. og 23. maí eru færðir til 4., 5. og 6. júní. Þessa daga er skólastarfið brotið upp og verða nemendur í 4., 5. og 6. bekk m.a. í vettvangsferðum sem verið er að skipuleggja. Á þemadögum lýkur skóla hjá öllum nemendum eftir hádegismat og verður nánari tímasetning kynnt þegar nær dregur.

Föstudaginn 7. júní eru skólaslit og vorhátíð og þá er skertur dagur (gulur dagur) sem hefst seinnipart dags. Þá verður skólaárið kvatt með pomp og prakt þar sem hátíðin fer fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum frá kl. 16:00 – 18:00. Þennan dag mæta nemendur með foreldrum sínum einungis til skólaslita og vorhátíðar síðdegis. Enginn skóli er hjá nemendum fyrr um daginn.

Skóladagatal 2019 – 2020

Skóladagatal 2019 – 2020 kynnt. Meginbreyting er sú að Furðufatadagurinn er færður frá síðasta kennsludegi fyrir páska og yfir á öskudag. Einnig er tvöfaldur nemendadagur 5. júní 2020 þ.e. nemendur hafa viðveru í skólanum samkvæmt stundatöflu og koma aftur í skólann síðdegis til skólaslita og vorhátíðar sem fer fram á sama tíma. Skólaráð samþykkti skóladagal fyrir skólaárið 2019 – 2020.

Upplýsingar frá Heilsugæslunni í Efstaleiti

Á fræðslufundi um raka í híbýlum og heilsu sem haldinn var í lok mars kom fram beiðni frá foreldrum um að nemendur sem fundið hefðu fyrir veikindum vegna lélegra loftgæða í skólahúsnæðinu yrðu skimaðir og haldið utan um þær skráningar. Skólaráði var greint frá því að stjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur komu erindinu áleiðis á heilsugæslustöðina í Efstaleiti. Sérfræðingar í hjúkrun og lækningum á stöðinni funduðu um málið. Stjórnendur fengu þær upplýsingar að það sé mat sérfræðinganna að skoðun á nemendum fari fram á einstaklingsgrunni hjá heimilislæknum viðkomandi barna sem grunur leikur á að veikst hafi vegna veru í óheilnæmu húsnæði. Hvatt er til að foreldrar leiti til heilsugæslunnar með þessi mál og þar munu heimilislæknar taka málið áfram. Stjórnendur senda upplýsingapóst til foreldra um málið.

Önnur mál

- Fulltrúi nemenda spurði hvort hægt væri að nemendur í Fossvogsskóla geri verkefni með nemendum í Laugarnesskóla og/eða að nemendur í Fossvogsskóla heimsæktu Laugarnesskóla.
- Næsti fundur er 8. maí.